

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 9

Dags. 27.10.2004

9. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar

Þann 27. október 2004 var haldinn fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar í Kjarna. Fundurinn hófst kl. 17 .00 og hann sátu undirrituð. Fyrir var tekið:

1. Forvarnarmál

Rætt um þjónustutilboð Vertu til, dagsettu 14. september 2004, sem lýtur að stefnumótun sveitarfélaga í landinu í forvörnum. Ákveðið að taka þátt í þessu verkefni ásamt starfshópi um vímuefnavarnir á Húsavík og hugsanlega fleiri sveitarfélögum á starfssvæði Héraðsnefndar Þingeyinga. Jafnframt er óskað eftir kynningarfundum um verkefnið fyrir Þingeyjarsveit ásamt fulltrúum leik-, grunn-, og framhaldsskóla, ungmennafélaganna, HSBannarra sem málið varðar.

2. Íþróttir fyrir eldri borgara

Lagt fram bréf frá Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra, dagsettu 10. ágúst 2004, þar sem sveitarfélagið er hvatt til að veita eldri borgurum tækifæri til almennrar líkamsþjálfunar. Umsjónarkonum um Opið hús falið að kanna möguleika á almennri líkamsþjálfun fyrir eldri borgara.

Lagt fram bréf frá Svanhildi Þorgilsdóttur, Hólmfríði Eiríksdóttur og Aðalheiði Kjartansdóttur, umsjónarkonum um Opið hús eldri borgara varðandi starfið í vetur og samþykkt tillaga þeirra að Opið hús verði eingöngu tvisvar í mánuði í Stórutjarnarskóla í tengslum við matinn á miðvikudögum. Þeim einnig falið athuga með fræðslu fyrir eldri borgara og sjá um föndur á Opnu húsi. Reiknað er með efniskaup standi undir sér.

3. Fjárhagsstaða yfirfarin miðað við áætlun. Fleira ekki bókað og fundi slitið

Jón Þ. Óskarsson
Gréta Ásgeirsdóttir
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir
Svanhildur Þorgilsdóttir